

## VEFKÖKUSTEFNA

### ÍSLENSKRA VERÐBRÉFA HF.

Vefsíða Íslenskra verðbréfa notar vefkökur til að tryggja sem besta upplifun af síðunni fyrir notendur. Vefkökur sem Íslensk verðbréf nota má flokka í fernt; nauðsynlegar, frammistöðu- og virkniauðgandi, tölfræðilegar, markaðslegar.

Vefkökur eru upplýsingapakkar, sem netvafrar vista að beiðni vefþjóna. Þegar vafrinn seinna biður sama vefþjón um vefsíðu er kakan send til þjónsins með beiðninni. Vefþjóninn getur þá notað þessar upplýsingar frá vafranum til frekari vinnslu. Kökur geyma oft upplýsingar um stillingar notanda, tölfræði heimsóknna, auðkenni innskráðra notanda o.fl. Kökur eru einnig oft nauðsynlegar til að geta boðið upp á ýmsa virkni og koma í veg fyrir árásir tölvuþrjóta. Vafrinn eyðir kökunni þegar líftími hennar rennur út. Hver kaka er bundin við þann vefþjón sem sendi kökuna og aðeins sá vefþjónn fær að sjá kökuna. Notkun Íslenskra verðbréfa á vefkökum byggir á lögmætum hagsmunum félagsins. Ef þú ert ekki ánægð/ur með notkun á einhverjum kökum á vefsíðunni getur þú lokað á þær eða eytt úr vafranum þínum. Gerir þú slíkt getur það hamlað virkni vefsíðunnar.

Þegar notandi heimsækir vefsíðu Íslenskra verðbréfa í fyrsta skipti birtist spretti-gluggi á forsíðu vefsíðunnar þar sem viðkomandi er upplýstur um notkun félagsins á vefkökum. Við fyrstu heimsókn er jafnframt leitað samþykkis notanda fyrir öðrum vefkökum en nauðsynlegum. Veitir þú samþykki fyrir öðrum vefkökum en nauðsynlegum getur þú hvenær sem er afturkallað það samþykki með því að loka á kökur á vefsíðunni eða eyða þeim úr vafra þínum.

Til að stilla kökur í Google Chrome:

1. Farið í "Customize and control Google Chrome"
2. -> Settings
3. -> Advanced
4. -> Content settings
5. -> Cookies

Upplýsingar um hvernig stilla má aðra vafra má finna á vefsíðu um vefkökur: [allaboutcookies.org](http://allaboutcookies.org).

Kökurnar sem vefsíða Íslenskra verðbréfa notar eru eftirfarandi:

### Nauðsynlegar vefkökur

Nauðsynlegar vefkökur eiga allar uppruna sinn frá [iv.is](http://iv.is) og eru notaðar til að birta vefsíðuna sjálfa:

Kökur	Uppruni	Tilgangur
PHPSESSID, __atrf	<a href="http://iv.is">iv.is</a>	Virkni vefsíðu

## Framistöðu og virkni auðgandi vefkökur

Íslensk verðbréf setja eina köku til að muna ef vefkökur hafa verið samþykktar en einnig er notuð þjónusta frá Addthis.com til að bjóða upp á deilingu á fréttum og öðru efni á samfélagsmiðlum. Hægt er að slökkva á kökum frá addthis

SLÖKKVA Á ADDTHIS

Kökur	Uppruni	Tilgangur
__atuvc, __atuvs, _at.cww, at-lojson-cache-#, at-rand, di2, impression.php/#, uid, uvc, xtc, vc, loc	addthis.is	Deiling á samfélagsmiðlum
moyaCookieConsent	iv.is	Geyma samþykki kökuborða

## Tölfræðilegar vefkökur

Þessi vefsíða notar þjónustu Google Analytics og New-Relic til að safna tölfræðilegum gögnum um notkun á vefsíðunni. Tilgangur þess er að fá fram tölfræðiupplýsingar sem notaðar eru til að betrubæta og þróa vefsíðuna og þær upplýsingar sem þar eru birtar. Þessar upplýsingar varpa til dæmis ljósi á það hversu margir notendur opna tiltekna undirsíður á vefsíðunni, hversu lengi þær eru skoðaðar, frá hvaða vefsíðum notendur koma inn á síðuna og hvers konar vafra þeir nota til að skoða hana.

Hægt er að slökkva á Google Analytics með viðbót í vafra

SLÖKKVA Á GOOGLE ANALYTICS

Kökur	Uppruni	Tilgangur
__utm.gif, __utma, __utmb, __utmc, __utmv, __utmz	google-analytics.com	Tölfræði upplýsingar um notkun og umferð vefsíðu
JSESSIONID	nr-data.net	Mæla upphleðslutíma og álag vefþjóns

## Markaðslegar vefkökur

Íslensk verðbréf nota vefkökur á vefsíðu sinni sem tilheyra þriðju aðilum (m.a. Google og Facebook). Þessir þriðju aðilar geta komið fyrir vefkökum í vöfrum notenda vefsíðunnar og með þeim hætti nálgast upplýsingar um heimsóknir á vefsíðuna. Vefkökurnar eru ekki nauðsynleg forsenda fyrir notkun vefsíðunnar en gegna engu að síður hlutverki fyrir félagið. Félagið notar þjónustu þessara þriðju aðila til að m.a. greina notkun vefsíðunnar, bæði hvað verðar fjölda notenda og hegðun notenda á síðunni, og til að útbúa markaðsefni og auglýsingar sem eru sérsniðnar ákveðnum markhópum. Notendur vefsíðunnar geta nálgast upplýsingar um hvernig þessir aðilar nota vefkökur á vefsíðum þeirra.

## Nánari upplýsingar um persónuvernd

Íslensk verðbréf geta frá einum tíma til annars breytt stefnu þessari í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum eða vegna breytinga á því hvernig við notum vefkökur.

Nánari upplýsingar um vinnslu Íslenskra verðbréfa á persónuupplýsingum má finna í persónuverndarstefnu félagsins, sem er aðgengileg á [www.iv.is](http://www.iv.is).